

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Skólaárið 2021-2022

Samstarf um verkgreinakenndu

Grunnskólar Fjarðabyggðar og Verkmenntaskóli Austurlands

Efnisyfirlit

Upplýsingar um verkefnið.....	2
Þáttökuskólar	2
Markmið verkefnisins.....	2
Leiðin að markmiðinu	2
Frávik og hindranir	3
Árangur af verkefninu	3
Mat á verkefninu, niðurstöður	6
Áætlun um kynningu á verkefninu.....	6
Þakkir.....	6
Forsvarsmenn verkefnis	7

Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Nesskóli, Breiðdals- og Stöðvarfjarðaskóli og Verkmenntaskóli Austurlands.

Nafn verkefnis: Aukinn áhugi og vellíðan drengja í námi

Nafn verkefnastjóra: Anna Marín Þórarinsdóttir

Nafn ábyrgðaraðila: Eygló Aðalsteinsdóttir, Karen Ragnarsdóttir Malmquist, Jónas Ólafsson og Birgir Jónsson.

Númer samnings og styrkár: UMS-133 2021-2022

Þátttökuskólar

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskóli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur, Nesskóli Neskaupsstað, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar og Verkmenntaskóli Austurlands (VA) á Neskaupsstað.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að koma á samstarfi milli skólastiga, það er grunnskóla og framhaldsskóla, varðandi verkmenntagreinar. Við vildum ná fram meira jafnrétti hvað fjölbreytta menntun varðar sem oft er skortur á úti á landi. Einnig litum við til félagslegs gildis þess að láta nemendur í sama sveitarfélagi hittast og vinna að fjölbreyttum verkefnum í verkmenntagreinum. Með því að bjóða upp á haldbærari verkgreinakennslu stóðu vonir okkar til að auka bæði áhuga og vellíðan drengja á unglingastigi í námi.

Leiðin að markmiðinu

Nemendum, bæði drengjum og stúlkum, í 9. og 10. bekk grunnskóla Fjarðabyggðar var boðið að kynnast verkgreinakennslu hjá VA í tveimur átta vikna lotum. Ákveðið var að bjóða nemendum upp á sex valgreinar: málm- og véltækni, bifreiðar, húð og hár, rafmagnsfræði, húsasmíði og Fab Lab. Hver nemandi fékk að velja sér tvær verkgreinar fyrir lotuna, tvo kennslutímátíma í hvorri grein í 8 skipti. Ákveðið var að skipta nemendum upp eftir bekkjum til að stuðla að betri kynnum innan hópanna. Fyrstu átta vikurnar fóru 10. bekkingar vikulega í VA og 9. bekkingar þar á eftir. Nemendum var ekið í rútum á Neskaupsstað þar sem þeir voru í 4. klst. í senn.

Frávik og hindranir


Vegna samkomutakmarkana og Covid smita á Austurlandi féll síðasti valgreina dagurinn niður hjá 9. bekk og ekki náðist að koma honum að í stundatöflu Verkmenntaskólans síðar á seinni önninni.

Árangur af verkefninu

Verkefnið hefur sannanlega skilað árangri. Kennarar beggja skólastiga, nemendur og foreldrar þeirra hafa lýst yfir ánægju sinni með hvernig til tókst. Nemendur fengu fjölbreytta verkgreinaskennslu og kynntust Verkmenntaskóla Austurlands um leið. Einnig urðu góð kynni milli nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar. Áhugi og ánægja nemenda og kennara með verkefnið hefur gert það að verkum að sveitarfélagið hefur ákveðið að festa verkefnið í sessi. Hér fyrir neðan má sjá á myndrænan hátt hvernig til tókst með verkefnið og látum við þær niðurstöður tala sínu máli.


Hversu ánægð/ur/t varstu með verknámsvikurnar í VA?

72 responses




Kynntist þú verkgrein sem þú hafðir áhuga á?

72 responses



Hefur verknámskynningin aukið áhuga þinn á verknámi?

72 responses



Nemendur voru jafnframt beðnir um að segja frá upplifun sinni í einni setningu en hér fyrir neðan má sjá hvað nokkrir nemendur höfðu að segja:

„Ég náði að fatta hvað ég vildi læra“

„Það var gaman að prófa eitthvað nýtt, skemmtilegt og fróðlegt“


„Þetta var bara það besta sem ég hef prufa“

„VA var fín upplifun en mættu þeir hafa staðið yfur lengri tíma“

Einnig voru forsjáraðilar nemenda beðnir um að svara stuttri spurningakönnun og má sjá helstu niðurstöður hennar hér fyrir neðan:


Hversu ánægð/ur varstu með að boðið var upp á verknámsval í VA?

36 responses



Hvaða áhrif haldið þið að þátttaka í verknámsvalinu hafi haft á áhuga nemenda á verk- og tæknigreinum?

36 responses



Forsjáraðilar voru jafnframt beðnir um að nefna þá kosti sem þeir myndu sjá við verknámsvalið:

„Nemendur fá fjölbreytta sýn á nám og það sem koma skal eftir 10. bekkinn“

„Krakkarnir fá að kynnst öðrum verkgreinum heldur en í grunnskólanum. Krakkarnir kynnst VA og eru mjög spenntir fyrir verknámi í framtíðinni. Það mættu vera fleiri skipti“

„Frábært að krakkarnir fái að kynnst næsta skólastigi og möguleikanum á verknámi. Tala nú ekki um að fá að stunda þetta nám með jafnöldrum í öðrum skólum í Fjarðabyggð“

Mat á verkefninu, niðurstöður

Eins og sést á niðurstöðum könnunar sem verkefnastjórar Sprotaverkefnisins lögðu fyrir nemendur og foreldra var mikil ánægja með verkefnið hjá öllum aðilum. Nú þegar búið er að prufukeyra verkefnið verða skólarnir betur í stakk búnir við að sníða stundatöflur og samgönguskipulag í kringum það fyrir komandi skólaár. Verkefni eins og þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir litla grunnskóla úti á landi sem, hver og einn, hefur ekki aðstöðu né mannskap til að bjóða upp á nægilega fjölbreytt og verðug verkefni í list- og verkgreinum sem jafnvægi á móti bóklegu námi.

Áætlun um kynningu á verkefninu

Umræða um verkefnið hefur farið fram milli stjórnenda grunnskólanna ásamt fræðslustjóra Fjarðabyggðar. Lokaskýrsla þessi hefur verið send á skólastjórnendur og verkefnastjóra Verkmenntaskólans til frekari kynningar innan skólanna. Einnig mun þessi lokaskýrsla birtast inn á heimasíðum grunnskólanna.

Þakkir

Fyrir hönd skólanna vil ég þakka fyrir veittan styrk. Sjóðir eins og Sprotasjóður hvetur starfsmenn skóla til að hugsa út fyrir boxið og takast á við ný verkefni.

Forsvarsmenn verkefnis

ANNA MARIN ÞÓRARINSD.

Verkefnastjóri Sprotaverkefnis

Guðrún Adalsteinsdóttir

Ábyrgðaraðili Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Kennir Ragnarsd.

Ábyrgðaraðili Nesskóla

Jónas E. Ólafsson

Ábyrgðaraðili Breiðdals- og Stöðvafjarðarskóla

Bergir Jónsson

Ábyrgðaraðili Verkmenntaskóla Austurlands